

MA nám til starfsréttinda í félagsráðgjöf Inntökuskilyrði

Samþykkt á deildarfundum 16. desember 2010

Nemendur sem hefja MA nám til starfsréttinda í félagsráðgjöf skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Hafa lokið BA námi í félagsráðgjöf frá Háskóla Íslands með fyrstu einkunn (7,25).
2. Námið felur í sér starfsnám þar sem m.a. er unnið með börnum og er af þeim sökum gerð krafa um að umsækjendur leggi fram skavottorð sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 90/2008, um leikskóla, 3. mgr. 11. gr. laga nr. 91/2008, um grunnskóla, 4. mgr. 8. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldskóla, 3. mgr. 10. gr. æskulýðslaga, nr. 70/2007 og 36. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.
3. Geta gert grein fyrir hæfni sinni til náms. Við mat á hæfni skal byggja á eftirtöldum viðmiðum:
 - a. Persónulegri greinagerð um forsendur og áhugasvið
 - b. Starfsreynslu, staðfest af vinnuveitenda
 - c. Umsögn frá yfirmanni á stofnun á sviði félags- og heilbrigðisþjónustu ef við á
 - d. Einkunnum í öðru háskólanámi
 - e. Annarri starfsmenntun
 - f. Persónulegum viðtölum þegar þurfa þykir að mati inntökunefndar.

Fjöldi nýrra nemenda í MA nám til starfsréttinda í félagsráðgjöf takmarkast við töluna 30 háskólaárið 2011-2012. Allir nemendur skulu uppfylla inntökuskilyrði sbr. 1.-3. tölulið að mati inntökunefndar. Við val á nemendum skal byggja á sjónarmiðum sem fram koma í 1. og 3. tölulið.

Inntökunefnd fjallar um umsóknir nemenda og annast val þeirra skv. reglum þessum. Telji inntökunefnd að umsækjandi uppfylli ekki inntökuskilyrðin sbr. 1.-3. tölulið hafnar hún umsókn.

(Samkvæmt ákvörðun deildarfundar Félagsráðgjafardeildar þann 15. október 2009 skal BA námi lokið áður en MA nám til starfsréttinda hefst.)